

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 25. september 2020 í máli nr. 39/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða sér alls 17.731 krónur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 2. og 22. júní 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Framangreindum tölvubréfum var fylgt eftir með símtali og almennu bréfi, dags. 17. ágúst 2020 með tilkynningu um lok gagnaöflunar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, bókunarstaðfesting vegna leigu á bifreiðinni ásamt samningsskilmálum og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila

Með bréfi, dags. 8. september 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 25. janúar 2020 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 22. til 28. apríl 2020. Sóknaraðili greiddi alls 17.731 krónur fyrirfram til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreiðinni.

Þann 31. mars 2020 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hann afpantaði leigu bifreiðarinnar vegna þeirra ferðatakmarkana sem voru í gildi vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Krafðist sóknaraðili endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem hann hafði greitt fyrir þjónustuna. Varnaraðili svaraði sóknaraðila með tölvupósti sama dag og bauð honum möguleika á að leigja aðra bifreið hjá varnaraðila innan 12 til 18 mánaða á sama verði og málsaðilar höfðu samið um þann 25. janúar 2020. Sóknaraðila var einnig boðið að halda bókuninni en breyta dagsetningu leigunnar. Sóknaraðili sagðist vilja þiggja boð um leigu bifreiðar á sama verði innan 18 mánaða. Kvaðst sóknaraðili ætla að breyta ferðaáætlun sinni til Íslands og láta vita þegar ný dagsetning lægi fyrir.

Þann 8. apríl 2020 hafði sóknaraðili aftur samband við varnaraðila og sagðist ekki hafa möguleika á að nýta boð varnaraðila um leigu bifreiðar á sama verði innan 18 mánaða. Gerði sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu. Degi síðar barst svar frá varnaraðila um að endurgreiðsla muni berast til sóknaraðila en vegna mikilla anna geti greiðslan tafist. Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína um endurgreiðslu þann 8. maí 2020. Í svari frá

varnaraðila sama dag kom fram að unnið væri að endurgreiðslu en vegna anna hefði það tafist lengur en vanalega.

Þann 20. maí 2020 barst sóknaraðila tölvupóstur frá varnaraðila þar sem fram kom að sóknaraðili ætti inneign hjá varnaraðila til leigu á bifreið hvenær sem er, ásamt viðbættu 25% álagi á leigugjaldið, að fjárhæð 4.433 krónur, sem nýta mætti til framlengingar á leigutíma, trygginga, eða annarra breytinga á leigusamningnum. Þá tók varnaraðili fram að vegna erfiðra aðstæðna væri fyrirtækið í samningum við viðskiptabanka sinn um greiðslu útistandandi reikninga en varnaraðila væri ekki fært að endurgreiða sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt samningi aðila og skilmálum varnaraðila beri varnaraðila að endurgreiða leigufjárhæðina að fullu þar sem afpöntun sóknaraðila barst þegar lengra en 48 klukkustundir voru þar til leigutíminn átti að hefjast.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 17.731 krónur.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 25. janúar 2020 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila. Leigutíminn var ákveðinn frá 22. apríl 2020 til 28. apríl 2020 og greiddi sóknaraðili 17.731 krónur fyrirfram fyrir leiguna.

Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 8. apríl 2020 að hann muni ekki taka bifreiðina á leigu. Sóknaraðili krafðist endurgreiðslu en varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila þann 20. maí 2020.

Í leigusamningi milli sóknaraðila og varnaraðila er greint frá skilmálum varnaraðila vegna afbókunar. Ákvæði samningsins vegna afbókunar er svohljóðandi:

„If lessee cancels up to 2 days (48 hours) prior to pick up = full refund (100% refund).

If lessee cancels less than 48 hours before pick = no refund (0% refund).

No shows are not refunded (0% refund).

If lessee picks up the var but decides to drop off early, we do not refund the unused or partly used rental day(s) unless amendments to booking or cancellations have been made 48 hours prior to the pick up date.“

Í samningi sóknaraðila og varnaraðila kemur fram að ef leigutaki bifreiðar hættir við leiguna þegar tveir dagar, 48 klukkustundir, eða lengra er þar til leigutími á að hefjast, verði leigugjaldið endurgreitt að fullu.

Þegar sóknaraðili afpantaði leigu bifreiðarinnar þann 8. apríl 2020 voru 14 dagar þar til leigutími sóknaraðila átti að hefjast. Leigusamningur milli málsaðila var saminn af varnaraðila. Ákvæði um endurgreiðslu vegna afbókunar er skýrt í samningi málsaðila og skilmálum varnaraðila án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrði ákvæðisins um tímamörk afbókunar eru uppfyllt.

Varnaraðila ber því að endurgreiða sóknaraðila leigugjaldið að fjárhæð 17.731 krónur samkvæmt skýru ákvæði leigusamningsins.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 17.731 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson